



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu  
Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 18. janúar 2007  
Tilvísun: UST20070100152/óaj

### Breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps, Hæðarendi.

Visað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu dags. 27. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps í landi Hæðarenda. Um er að ræða um 32 ha stækkun á núverandi frístundabyggð.

Fyrirhuguð stækkun frístundabyggðarinnar er að hluta innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá, nr. 770 en í skránni er að finna eftirfarandi lýsingu á svæðinu:

*Kálfshólar, Búrfells- og Hæðarendalækur, Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Kálfshólar og lækirnir ásamt spildu meðfram þeim. Digrihóll. (2) Kálfshólar eru gjallgígar á stuttri sprungu vestan við Seyðishóla. Hæðarendalækur rennur í Búrfellslæk sem rennur í Sogið. Fallegir lækir í hraunjaðri í grennd við ört vaxandi sumarhúsabyggð. Digrihóll er gervigamyndun í hrauninu úr Kálfshólum.*

Stofnunin telur að ekki eigi að skipuleggja frístundahúsasvæði innan framangreinds svæðis sem er á náttúruminjaskrá enda telur stofnunin nauðsynlegt að vernda lækinn sem er í nágrenni ört vaxandi frístundahúsabyggðar, líkt og segir í framangreindri lýsingu á svæðinu. Þar að leiðandi ætti ekki að byggja nær Hæðarendalæk en sem nemur 100 metrum frá bakka lækjarins. Æskilegt væri að gera ráð fyrir gönguleið meðfram læknum í aðalskipulaginu fyrir almenning og eigendur frístundahúsa á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að í breytingu á aðalskipulaginu hefði átt að koma fram fyrirhugaður þéttleiki byggðarinnar og hvort hann væri í samræmi við þann þéttleika sem þegar hefur verið áætlaður fyrir nærliggjandi svæði. Umhverfisstofnun gerir ekki aðrar athugasemdir en þær sem eru tíundaðar hér að ofan við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps.

Virðingarfyllt

Ólafur A. Jónsson  
sérfræðingur

Helgi Jónsson  
forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun